



Húðágræðsla (transplant)

Húðágræðsla (hlutþykktar húðágræðsla eða transplant) er skurðaðgerð sem felur í sér að heil húð er flutt yfir og grædd á skaddað svæði til að ná fullum sárgróanda. Húðflutningurinn skilur eftir sig sár í efsta lagi húðarinnar og kallast það svæði húðtökusvæði (donorsvæði).

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Ráðlagt er að borða næringarríkan mat, taka inn vítamín og drekka orkuríka næringardrykki fyrir aðgerðina.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Reykingar valda skertu blóðflæði til vefja og aukin hætta er á að vandamál komi upp við ágræðslu hjá þeim sem reykja. Ætlast er til þess að tóbaksnotkun sé hætt í að lágmarki í 6-8 vikur fyrir aðgerð og vera þarf tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna er eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.

Viðtal

Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni lýtalækningadeildar og svæfingadeildar. Spurt er um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3–4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Fyrir þjónustuna á innskriftarmiðstöð þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni, lungnamynd, hjartalínurit og þvagsýni ef þörf er á.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur í innskriftarviðtali hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita og drekka orkuríkan drykk kvöldið fyrir aðgerð. Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1–2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Tveimur klst. fyrir áætlaðan aðgerðartíma á að drekka eitt glas af samsvarandi orkuríku drykk og kvöldið áður, þó er ekki nauðsynlegt að vakna að næturlagi til að drekka.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp, innískó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefti, naglalakk eða skartgrip.

Mæta á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 2-4 klukkustundir en það fer eftir eðli og umfangi aðgerðar.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 2-4 klukkustundir og þaðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.



Öndun

Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á slímsöfnun í lungum sem leitt getur til lungnabólgu.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru til að hlífa skurðsvæðinu og fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð.

Matur og drykkur

Vökvi er gefinn í æð fyrst eftir aðgerð en yfirleitt má byrja að borða við komu á legudeild. Sumir finna fyrir lystarleysi og jafnvel ógleði eftir aðgerð og er þá mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því.

Skurðsár

- Húðágræðslusvæði: Umbúðir eru látnar óhreyfðar í fimm daga meðan háráðar vaxa inn í ágræddu húðina. Eftir það er skipt um umbúðir annan hvern dag. Ágrædda húðin er fest með málmheftum sem yfirleitt eru fjarlægð 5-7 dögum eftir aðgerð.
- Húðtökusvæði: Blætt getur frá húðtökusvæðinu fyrstu sólarhringana eftir aðgerð. Fylgst er með skurðsári og skipt á umbúðum eftir þörfum.

Hreyfing

Skurðlæknir ákveður út frá staðsetningu húðágræðslusvæðis hvernig hreyfingu er háttað, en það er mjög viðkvæmt meðan nýja húðin er að ná festu. Því eru mjög strangar reglur um hreyfingu, sérstaklega ef húðágræðslusvæðið er á útlím. Óvarleg hreyfing getur aukið hættu á að nýja húðin nái ekki festu.

Ef húðágræðslan er á fæti má ekki fara fram úr rúmi fyrstu fimm dagana eftir aðgerð. Leyft er að fara á salerni en þá í hjólastól með hækkað undir fæti þeim megin sem húðágræðslusvæðið er til að minnka hættu á bjúgsöfnun. Fimm dögum eftir aðgerð má yfirleitt láta fótinn hanga þrisvar á dag í tíu mínútur sem síðan er aukið smám saman samkvæmt fyrirmælum læknis.

Svefn

Algengt er að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að kalla til aðra fagaðila til stuðnings.

Útskrift

Útskrift er áætluð um 5-7 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerðina, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis sýking eða blæðing í sárum eða ágrædd húð festist ekki nema að hluta til eða alls ekki.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- útskriftarviðtal
- rafrænan lyfseðil
- endurkomutíma hjá sérfræðingi

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga (innskrift)	543 2060
Dagdeild skurðlækninga A5, opin virka daga kl. 7-22	543 7570
Lýtalækningadeild A4	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.